

## Fundargerð 192. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn föstudaginn 17. janúar 2025, kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

**Mættir:** Guðmundur Helgi Þórarinnsson, formaður, Einar Sveinn Kristjánsson og Einar Óskar Friðfinnsson

**Fjarfundur:** Helgi Már Sigurgeirsson, Ingi Bogi Hrafnsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Gunnar Sigurðsson, Kristmundur Skarphéðinsson og Tinna Magnúsdóttir

**Fjarverandi:** Pétur Freyr Jónsson

**Dagskrá :**

### 1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 191

Fundargerðin samþykkt og undirrituð rafrænt

### 2. Skýrsla formanns og staða kjaramála

Formaður bauð alla velkomna og óskaði eftir að fá að byrja á lið númer þrjú þar sem Benóný sem ætlar að fara yfir innleiðingu Tótal þarf að vera mættur annað fljótlega. Benóný kom inn á fundinn, sjá lið 3.

Eins og kom fram þá hefur verið mikið álag á starfsfólki við innleiðingu Tótal en allt á réttri leið.

Að venju buðum við upp á fundi með sjómönnum í kringum jól og áramót. Við héldum sex fjarfundi ( 26. des. Ísafjörður, 27. des. Snæfellsnes, Reykjavík og Akureyri. 28. des. Austfirðir og 30. des. Vestmannaeyjar og Höfn í Hornafirði). Í Reykjavík var bæði boðið upp á stað og fjarfundi. Misjafn árangur var af þessum fjarfundum. Á þeim stöðum þar sem menn voru tilbúnir að hittast á einhverjum ákveðnum stað og funda var góð mæting. Messufall var á Snæfellsnesi einn á Akureyri og einn í Vestmannaeyjum.

Það hefur verið óvenju mikið að gera í launamálum félagsmanna. Hjá fiskiskipasjómönnum hefur mesta vinnan verið við að rýna uppgjör og fá leiðréttingar þar sem þarf.

Orlofsnefndin hittist og fór yfir breytingar á leiguverði orlofsíbúða. Við upptöku Tótal fóru menn í að samræma leiguverð á milli félaga fyrir svipaðar eignir þannig að það verða breytingar á leiguverði. Íbúðirnar í Reykjavík hækka mest því svo virðist sem þrifagjaldið hafa dottið út og nú er verið að setja það inn aftur. Einnig var ákveðið að breyta skiptidögum á sumarþústöðum úr föstudögum í fimmtudaga. Þetta á samt ekki við um íbúðir. Bent var á sagði að þetta væri gert til að minnka álag á starfsfólk orlofsbyggða og fáum við þá vonandi betri þjónustu á húsin. Það verða þá ekki öll félög með sama skiptidaga. Spurði hvort eitthvað væri að fréttu af stóra hundamálinu. Spurningarnar eru tilbúnar og verður sennilega fyrsta

könnun í gengum Tótal. Þá var spurt hvernig hefði gengið með hina staðina sem þetta var leyft og svarið var að það hafi ekki verið auglýst svo ekki hefði reynt á það.

Þá höfum við verið í samtali við Landsbjörg í sambandi við mönnun á nýjum björgunarskipum sem verið er að taka í notkun. Þeir hafa verið að ræða við okkur og skipstjórnarmenn því það verða vandræði við mönnun bæði vegna stærðar skipa og véla. Þeir vilja taka upp Breska kerfið en Bretar eru með svona báta og manna þá með björgunarsveitafólki í gengum ákveðið menntakerfi sem þeir mennta bæði skipstjóra og vélstjóra og þetta er þá fólk sem er með lítill skip/vélstjóra próf. Formaður vill gera kröfu um að þau sem sækja námskeiðin séu með a.m.k. 750w réttindi. Verið er að reyna að ná sambandi við Samgönguráðherra til að vinna útfærslu á þessu.

Ástæðan fyrir að við erum að funda á föstudegi er vegna vinnufundar ASÍ en það var lagt hart að formanni að mæta á hann. Þar var verið að skoða hvernig ASÍ gæti þjónusta félögin betur. Eitt sem kom út úr því var að stækka á lögfræðideildin hjá þeim þannig að þeir geta farið með mál fyrir rétt fyrir félögin. Formaður sagðist mjög hlynntur þessu það væri þá komið teymi sem kynni að fara með svona mál fyrir rétt. Rukkað verður þá bara fyrir launum lögfræðingsins en ekki lögfræðingataxti.

### 3. Tótal tölvukerfi

Benóný kom á fundinn og sagði frá stöðunni á innleiðingu Tótal. Allt sem átti að vera klárt um áramót var klárt, þ.e. mínar síður og innheimta skilagreina. Við erum að prófa okkur áfram með allt og t.d. greiddum út fyrstu styrkina í vikunni. Í næstu viku eru að fara í gang úthlutanir orlofshúsa og spennandi að sjá hvernig það mun ganga. Varðandi kostnað þá eigum við eftir að fínþússa kerfin þá sérstaklega bókhaldskerfið, en miðað við kostnaðaráætlun þá erum við núna í 1,8 milljón undir áætluðum kostnaði, svo það hefur allt haldið. Áætlunin gerði ráð fyrir að byrja innheimtu á skilagreinum 1. jan en við höfum verið að fá inn líka eldri skilagreinar sem er bara af því góða. Sendar hafa verið út kröfur fyrir um 16.1 milljón fyrir VM, 30 milljónir fyrir RSÍ og eitthvað minna fyrir Matvís en þetta þýðir sparnað fyrir félögin upp á kr. 1.400.000 sem annars hefði farið til Birtu. Við erum að bæta verkefnum á starfsfólk ekki ráða inn og allir hafa staðið sig vel. Við höfum tekið eftir á skilagreinum sem eru að koma inn að einhverjar útgerðir hafa ekki verið að greiða greiðslumiðlunargjaldið og við munum gera kröfu á það, en þetta þýðir aukningu í tekjum fyrir VM. Þeir Tótal menn segja að innleiðingin hafi gengið mjög vel hjá okkur, besta innleiðingin hingað til og má það meðal annars þakka Eflingu en við erum búin að vera með starfsmann frá þeim einu sinni í viku. Spurt var hvort þetta sé orðið þægilegra fyrir starfsfólkið þ.e. minni handavinna. Benóný sagði að þetta muni verða það en enn er smá í land. Bent var á að það þurfi að setja á heimasíðuna leiðbeiningar hvernig kerfið virkar.

### 4. Styrkbeiðnir

Við höfum fengið mikið af styrkbeiðnum. Við höfum undanfarin ár tekið þátt í nýsveinahátíð Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur verið með fána og fulltrúa á henni. Nú er að koma að henni og þeir eru að biðja um styrk með svipuðum hætti og verið hefur. Í fyrra styrktum við þá um 50 þúsund. Formaður segist ætla að tala við hin félögin og samræma. Vill fá heimild til að greiða allt að 110 þúsund ef hinir gera það. Þarna fá menn verðlaun fyrir sveinspróf, það er einhver lánmarkseinkunn sem þarf til að fá verðlaun. Öllum sem eru að fá verðlaun er boðið.

Stungið var upp á að styrkja um 50. þús. eins og verið hefur. Greidd voru atkvæði og samþykkt að styrkja um 50 þúsund krónur.

Styrkbeiðni kom frá Guðmundi Hagalín og fleirum sem vilja stofna minningarsjóð um Rafn Magnússon, kennara í vélskólanum. Þeim langar að safna fyrir tveimur hermum og kostar hver fjórar milljónir. Miklar umræður urðu og mjög skiptar skoðanir milli manna. Stjórn minningarsjóðsins segist vera bún að fá vilyrði frá innflytjanda, frá Brim og fleirum. Formaður spyr, eigum við að taka þátt í þessu og þá hvað mikið? Stungið var upp á á að leggja niður Akk og gefa öllum skólum svona herma. Formaður sagðist lýta á þetta sem framlag í styrktarsjóð og sjóðurinn ætli svo að kaupa og gefa í minningu Rafns. Tillaga kom um að styrkja um 1 milljón, atkvæði voru greidd og 6 sögðu já en 3 sögðu nei. Tillagan var því samþykkt.

Styrkbeiðni barst frá starfshópi um smíði minnisvarða um sögu síðutogara Íslendinga. Þessir hafa óskað eftir styrk áður en hafa unnið þetta betur núna. Segja í beiðninni að nokkur félög hafi nú þegar ákveðið að styrkja. Formaður spyr hvort menn vilji sofa á þessu og afgreiða næst. Upplýsingar óskast um hvaða félög hafa styrkt og þá um hvaða upphæð. Ákveðið að afla upplýsinga og ákveða á næsta fundi.

## 5. Önnur mál

- Formaður sagði frá því að Ágúst er búinn að segja upp, ASÍ stal honum frá okkur. Hann mun samt klára það sem hann er að vinna fyrir okkur og við munum eitthvað geta notað hann áfram í gegnum ASÍ.
- Bent var á að við þurfum að fara að lenda þessu ASÍ máli sem þarf að vera klárt fyrir aðalfund. Formaður sagðist vilja halda tvo til þrjá fundi til að kynna hvað ASÍ er að gera fyrir okkur áður en við sendum út könnun. Bent var á að í síðustu aðalfundargerð standi að samþykkt hafi verið að fara í kynningu á ASÍ í september og halda fundi og senda út skoðanakönnun og niðurstöður yrðu svo kynntar á næsta aðalfundi. Eins er málið með Akk, það þarf að taka það fyrir. Bent var á að á síðasta aðalfundi hafi verið spurt hvort Fagfélögin gætu komið í stað ASÍ. Þarf þá ekki að kynna líka hvað Fagfélögin gætu gert? Formaður sagði að þetta verði forgangsverkefni febrúar.
- Spurt var hvernig standi með lögin okkar, er ASÍ búin að samþykkja. Formaður sagði að það væri búin að hreinskrifa þau og þau hefðu átt að vera komin inn á vefinn.
- Spurt var hvort formaður hafi fengið fundarboð frá útgerðum um uppgjör á vertíðum. Hann sagðist hafa mætti á fund hjá Eskju, en sum fundarboð hefðu komið of seint og Síldarvinnslan hefur ekki boðað. Við eigum að fá gögnin en þeir vilja ekki láta okkur fá þau. Þá var spurt um hvað snýst þetta? Þetta snýst um verðið, þeir spá fara svo yfir hvað þeir fengu fyrir vöruna og hvort spáin hafi gengið eftir.

Fundi slitið: 11: 25